



# CCU

## Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 4. TBL - 16. ÁRG | NÓV 2020

FRÉTTIR

## MATARBÆKLINGUR

Í lok september fóru Edda og Anna Lind (Hún sá um gerð matarbæklingisins) á Landspítalann og tilefnið var að afhenda formlega meltingarteyminu á 10E, matarbæklinginn til afnota. Þar með hefur deildin fengið flesta bæklinga CCU til að afhenda sjúklingum :-)

FRÉTTIR

## AFMÆLISGJÖF

Vegna covid hefur minna verið að gera hjá okkur eins og líklega hjá mörgum félagasamtökum og margir hafa þurft að breyta sínum áætlunum. Við urðum að hætta við eða fresta lang flestu sem var búið að skipuleggja og öll plön riðluðust. Stjórnin hefur samt sem áður hist reglulega á net-stjórnarfundum og reynt að skipuleggja starfið eins og hægt er. Við viljum endilega halda í það að bjóða félagsmönnum upp á það að hittast á fræðslufundum og spjalla eftir fyrirlesturinn og þess vegna höfum við ekki farið út í það að hafa eingöngu netfundi. Við erum með Margréti hjúkrunarfræðing á hliðarlínunni tilbúna með fyrirlesturinn sem við erum búin að fresta tvisvar og grípum tækifærið um leið og það gefst.

Þann 26. október síðastliðinn áttu samtökin 25 ára afmæli. Auðvitað sá covid um að öll afmælisplön færu forgörðum en stjórninni langaði samt sem áður að gera eitthvað í tilefni dagsins. Niðurstaðan varð sú að gefa meltingardeild Landspítalans æðaskannaljós, sem við höfðum frétt að væri ofarlega á óskalista Önnu Soffiu og meltingarteymisins. Elísabet Sværisdóttir og Edda Svavarsdóttir afhentu tækið fyrir hönd CCU samtakanna, Anna Soffía Guðmundsdóttir, Aðalbjörg Ólafsdóttir og Kristín Jónsdóttir hjúkrunarfræðingar og Guðmundur Ragnarsson meltingarsérfræðingur tóku á móti fyrir hönd meltingardeildar 10E á Landspítalanum.



Anna Soffía, Anna Lind og Þóra



Stjórnin var svo heppin að það var eitt tæki til á landinu hjá birgja og hægt var að fá það afhent strax. Þegar við mættum niður á deild til að afhenda tækið formlega, var þegar búið að setja það upp og nota á einn sjúkling. Tækið sýnir nákvæmlega hvar æðarnar liggja þannig að það er miklu auðveldara að finna besta staðinn fyrir nálna.



Elísabet, Edda, Anna Soffía, Kristín, Aðalbjörg og Guðmundur.

## Æðaskannaljós



## SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Ég er alltaf reiðubúinn að læra, en ég setti mig ekki alltaf við að láta kenna mér.

Winston Churchill

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Gjaldkeri Hulda Björg Þórðardóttir | Ritari Sóley Veturliðadóttir | Meðstjórnendur Elísabet Sværisdóttir og Kristvin Guðmundsson  
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | Ungliðatengiliðir Rakel Ýr og Tinna | Vefstjóri Svavar Kjarrval